

Háholt Urriðaholts

Lokuð hugmyndasamkeppni - Fjölbýli (50+)





Hugmyndin um fjölbýlishúsabyggingu á Háholtinu sem nýst gæti að hluta öllum íbúum Urriðaholts er rauður þráður í meðfylgjandi tillögu.

Svarið er margþætt en í grunninn e.t.v. fólgið í dirfsku og breyttu hugarfari þegar kemur að venjum við hönnun fjölbýlishúsa.

Löðin við Háholtið býr yfir miklum möguleikum. Skv. gildandi deiliskipulagi skal hæstur hluti byggingar vera nyrst og lækkar til suðurs. Skammhliðar byggingarreitsins snúa til suð-vesturs og norð-austurs en langhliðar snúa til suð-austurs og norð-vesturs. Suð-vestur hliðin nýtur óhindraðs útsýnis yfir Urriðavatn og hluta Setbergslands að Hafnarfirði ásamt því augljösa - að snúa vel gagnvart sólu. Í flestum tilfellum hýsa slíkar húshliðar lúxus íbúðir með stórum þakveröndum, handa fáum, á kostnað annarra möguleika.

“Himnastiginn” svokallaði, eitt helsta einkenni hverfisins, er einn megin innblástur við lausn tillögunnar.

Með því að trappa husið upp í átt til norðurs með stiganum, gefst möguleiki á að skapa stakar pakverandir fyrir hverja einstaka hæð byggingarinnar sbr. teikningar. Pakverönd hverrar hæðar verði þannig aðgengileg beint frá sameiginlegu miðrými og aðkomu hverrar hæðar og því aðgengileg hverjum íbúa þar. Miðrýmið er jafnframt opið milli hæða sem eykur birtu og tengsl. Pakveröndin kemur í stað sameiginlegrar lóðar og viðverusvæða sem ekki er til staðar í skipulaginu, þar sem jarðhæðin er eyrnamerkt atvinnuhúsnæði.

Uppbygging húss verði hefðbundin að öðru leiti, staðsteypt og einangrað og klætt að utan. Íbúðir með hefðbundnu móti en þeim er deilt niður þvert á stefnu almennings þ.e. meðfram langhlíðum hússins. Tvær álmur hýsa íbúðirnar sem aðskildar eru með opnu miðrými milli hæða og skartar björtum þakgluggum sem


Tvö stigahús verði í byggingunni, annað þjónar fyrstu þremur hæðum byggingarinnar og hitt öllum hæðunum fimm ásamt þakveröndinni. Stigahúsin eru gegnumgeng og því aðgengileg á jarðhæð bæði úr suð-austri sem og norð-vestri og skipta upp jarðhæðinni í þrjú opin rými sem opna sig út í átt að nærliggjandi torgi, göngugötu og helstu aðkomuáttum. Þar verði ótilgreind atvinnustarfsemi, verslun og eða þjónusta. Áhersla verði því á að jarðhæðin verði gegnsæ og sveigjanleg m.t.t. fjölbreyttar óskilgreindrar notkunnar. Rýmið næst suðri væri tilvalið undir líkamsræktar- og eða veitingaaðstöðu með góðri tengingu við stigann, torgið og þakveröndina að ofan - sem mun iða af lífi á góðviðrisdögum.


Í ljósi nokkuð óhefðbundnar uppbyggingar þá sjá höfundar fyrir sér nokkuð hefðbundið og láttlaust efnisval að utan - sem fyrst og fremst fellur vel að umhverfi sínu með vali á jarðtóna litum með blöndu sjónsteypu og klæðninga (steinplötur/timburs/ál). Vistvæni verði haft að leiðarljósi í hvívetna. Unnið verði með blágænar ofanvatnlausnir og önnur þau ákvæði frágangs sem skilmálar hverfisins kalla eftir ásamt öðrum þeim atriðum vistvæni sem vert og skynsamlegt er að fylgja í byggingu af þessu tagi. Svansvottun gæti þar t.a.m. verið verðugt verkefni. Þá verði rík áhersla lögð á góða ljósvist í íbúðum með stórum gluggum sem byggja á gluggaböndum sem einkennandi útlitseinkenni. Hljóðvist að sama skapi með hefðbundunum lausnum í samræmi við lög og reglugerðir. Þessar vangaveltur og möguleikar velta þá á endanum á því hver byggir mannvirkið, hverjar ambisjónir fylgja og hvert fjármagn ætlað er til byggingarinnar.

1. $h_{æd} = 1.375 \text{ m}^2$
2. $h_{æd} = 1250 \text{ m}^2$
3. $h_{æd} = 1000 \text{ m}^2$
4. $h_{æd} = 820 \text{ m}^2$
5. $h_{æd} = 615 \text{ m}^2$


$A_{\text{ls}} = 5.060 \text{ m}^2$

„Um skáldskap“ brot (1950)







1. Fimm hæða byggingamassi




2. Norðurhorn togað til vesturs
Sólaráhrif á vesturhlið hámarkuð




3. Pakgarðar til suðurs



4. Íbúðir til austurs og vesturs




5. Tröppur fyrir íbúa og almenning






6. Leiksvæði, gróðurækt og útsýni





















Snið AA



Snið CC





Snið BB



Snið DD







Landslag og torg



Stigarymi



Þakgarðar




Þakgarðar



Miðrymi



Klæðning



Landslag og torg

© Rinn Beton- und Naturstein



Sameign



Þverbönd

Takk fyrir!
Úti og inni - www.ui.is
Studio B - www.studiob.is

